



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF SUMAR 2026



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRDUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

SÓLMYRKVI, SVÆÐISSKIPULAG OG GULLKISTAN VESTFIRÐIR

Hið vestfirska sumar hefur í ár eins og öll hin árin verið yndislegt og einstakt. Það er eiginlega alveg sama hvernig veðrið er því birtan, náttúran og allt umhverfið gefur orku og kraft. Hjá okkur á Vestfjarðastofu má kalla sumarið sólmyrkvasumar en líka Gullkistusumar.

Verkefnin hjá Vestfjarðastofu eru af mörgum toga. Sum taka skamman tíma en flest ná yfir mánuði og jafnvel ár. Mjög oft er það þannig að vinnan okkar er lítt sýnileg. Þannig er um undirbúning vegna almyrkva á sólu. Hiti og þungi af þessu verkefni var hjá Sölva Guðmundssyni teymisstjóra hjá Vestfjarðastofu og forstöðumanni Markaðsstofu Vestfjarða. Hann fer betur yfir í hverju undirbúningurinn lá í pistli í fréttabréfinu en að baki liggja óteljandi fundir, símtöl og samtöl við fjölmarga. Undirbúningurinn skilaði sér, fjölmargir gestir komu á svæðið, mikil umferð var á jafnvel viðkvæmum vegaköflum en allt fór vel fram.

Annað stórverkefni þessa sumars er Gullkistan Vestfirðir. Árið 2025 var haldin vel heppnuð sýning undir merkjum Gullkistunnar Vestfjarða þar sem yfir 80 fyrirtæki komu saman í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði og fjölmargir gestir kynntu sér starfsemi þeirra og nutu menningar og viðburða sem þar voru. Í ár fer Gullkistan fram um alla Vestfirði og fyrirtæki bjóða opin hús í tengslum við bæjarhátíðir um alla Vestfirði. Fjölmörg fyrirtæki hafa þegar opnað dyr sínar og víðast hafa viðburðirnir heppast vel. Auk opnu húsanna hafa opnu húsini verið auglýst í fjölmiðlum og þannig kynnt bæjarhátíðir á hverjum stað. Gullkistan fór af stað fyrir Sjómannadaginn á Patreksfirði og í Bolungarvík og var í gróðurhúsinu í Moshlíð á Barðaströnd, á Götuveislum á Flateyri, Bryggjuhátíð á Drangnesi, Tálknafjöri á Tálknafirði, á Bíldudal, á Act Alone á Suðureyri og Reykhóladögum. Gullkistan mun líka verða á Hólmavík, Súðavík og endar á Ísafirði í tengslum við Aldrei fór ég suður fyrir næstu páska.



Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri

Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar hefur borið hitann og þungann af undirbúningi Gullkistunnar með góðum stuðningi Vilborgar Pétursdóttur og fleiri starfsmanna Vestfjarðastofu. Guðrún Anna hefur líklega átt símtöl og samtöl við öll fyrirtækin sem tekið hafa þátt og leitt verkefnið af mikilli festu.

Þriðja stórverkefni sem unnið hefur verið af starfsmönnum Vestfjarðastofu síðustu misseri er síðan vinna við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050. Öll sveitarfélög á Vestfjörðum hafa nú samþykkt Svæðisskipulagið og í lok ágúst verður formleg undirritun og útgáfa svæðisskipulags að Kollabúðum í Reykhólahreppi með vísan í Kollabúðarfundi sem voru sögulegir þjóðfundir haldnir í Kollabúðum við botn Þorskafjarðar á árunum 1849 til 1895. Þeir voru stofnaðir til að efla sjálfstæðisvitund Íslendinga, ræða mikilvæg landsmál og senda áskoranir til yfirvalda og Alþingis.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðamála hjá Vestfjarðastofu, hefur haldið utan um og leitt vinnu við Svæðisskipulagið sem unnið var bæði hratt og vel miðað við umfang vinnunnar sem hófst með ályktun Fjórðungspings Vestfirðinga á Patreksfirði haustið 2022.

Í þessum pistli hef ég dregið fram verkefni og einstaka starfsmenn sem með eldmóði og metnaði hafa drifið áfram stór og mikilvæg verkefni. Fjölmörg verkefni þeirra og annarra starfsmanna Vestfjarðastofu biða betri tíma en ég vil þakka þeim sérstaklega fyrir vel heppnuð verkefni.

BÍLDUDALUR: GULLKISTAN Í BLÍÐSKAPARVEÐRI

Föstudaginn 31.júlí buðu 14 stofnanir og fyrirtæki á Bíldudal almenningi í heimsókn á opnu húsi, sem Vestfjarðastofa stóð fyrir, og sýndu starfsemi sína og aðstöðu. Meðal þeirra voru hið vinsæla veitingahús Vegamót og alhliðaverslunin Magasín sem eru hlið við hlið á aðalgötunni.

Á Vegamótum var boðið um á söng og spil og auðvitað voru það heimamenn sem sáu um atriðin í sólinni og logninu á Bíldudal. Margmenni var á báðum stöðum í einum besta góðviðrisdegi sumarsins.

Gísli Ægir Ágústsson rekur Vegamót núna og tók við af Hannesi Stephensen Friðrikssyni sem er honum á vinstri hönd.

Frétt og myndir af bb.is



BERGDÍS VERKEFNASTJÓRI Á TÁLKNAFIRÐI

Starf verkefnastjóra verkefnisins Brothættra byggða á Tálknafirði var auglýst laust til umsóknar í maí síðastliðnum. Alls sóttu 14 um starfið og hefur Bergdís Þrastardóttir verið ráðin verkefnastjóri á Tálknafirði. Bergdís hóf störf þann 1. ágúst.

Bergdís hefur doktorspróf í íslenskum miðaldabókmenntum og masterspróf í Norrænum fræðum. Bergdís hefur fjölbreytta reynslu og þekkingu á þróunarvinnu bæði sem frumkvöðull og starfsmaður fyrirtækja og stofnana. Hún hefur sinnt verkefnisstjórn, viðburðastjórnun, viðburðahönnun og uppbyggingu m.a. sjálfbærðisáttakanna. Hún hefur komið að uppbyggingu og stefnumótun auk þess að hafa haft mannaforráð. Hún hefur reynslu af því að móta verkefni, skilgreina markmið og byggja upp verkferla til breytinga.

Við hjá Vestfjarðastofu bjóðum Bergdís velkomna í hópinn og hlökkum til samstarfsins við hana.



NÝR VERKEFNASTJÓRI Á REYKHÓLUM

Starf verkefnastjóra verkefnisins Brothættra byggða í Reykhólahreppi var auglýst laust til umsóknar í júní síðastliðnum. Alls sóttu 12 um starfið og hefur Guðmundur Konráðsson verið ráðin verkefnastjóri á Reykhólum.

Guðmundur er reynslumikill sérfræðingur með áratuga reynslu á sviði tölvunarfræði, gagnavinnslu og uppbyggingar stafrænnar innviða fyrir fyrirtæki og opinberar stofnanir. Guðmundur hefur meðal annars starfað við gagnagreiningu, gagnavörðun og þróun tæknilegra lausna með sterka áherslu á skipulag upplýsinga og miðlun þekkingar. Guðmundur hefur reynslu af kennslu, leiðsögn, samfélagsverkefnum og skipulagningu stærri viðburða tengdum mannrækt og sjálfsþroska.

Guðmundur verður með starfsstöð á Reykhólum og hefur störf um miðjan ágúst. Við hjá Vestfjarðastofu bjóðum Guðmund velkominn í hópinn og hlökkum til samstarfs við hann.



VIÐ VEGUM ÞUNGT ÞEGAR VIÐ STÖNDUM SAMAN

Fyrirtæki á Vestfjörðum hafa boðið heim í sumar og kynnt starfsemi sína undir merkjum Gullkistunnar Vestfirðir. Það hefur tekist vel til og allir hafa lagst á eitt að gera þessar heimsóknir fræðandi og skemmtilegar. Íbúar og gestir hafa þannig orðið margs vísari um vestfirskt atvinnulíf og starfsemi vestfirskra fyrirtækja.

Þegar hafa yfir 120 rekstraraðilar á Vestfjörðum boðið heim og hafa heimboðin verið gríðarlega fjölbreytt. Góð stemming hefur skapast á hverjum stað þar sem fólk hefur rólt á milli fyrirtækja og hitt og rætt við fólkið sem stendur að fyrirtækjunum. Með því að tengja viðburði við bæjarhátíðir hafa gestir okkar náð að fræðast um atvinnulífið og upplifað mannlífið.

Í allt verður boðið heim á tólf stöðum um Vestfirði. Næsti viðburður verður á Reykhóladögum næstkomandi föstudag 14. ágúst, síðan í Súðavík laugardaginn 22. ágúst og endum svo á Hólmavík á þessu ári. Næsta vor munu svo fyrirtæki á Ísafirði bjóða heim, í Skíðavíkunni og Aldrei fór ég suður, það verður síðasti viðburðurinn undir merkjum Gullkistunnar Vestfirðir.

Gullkistan Vestfirðir bauð heim á Suðureyri og þar var boðið upp á vigtun og myndatöku á hafnarvoginn með skemmtilegum slagorðum. Okkur fannst vel við hæfi eftir sumar þar sem atvinnulíf, íbúar og gestir hafa komið saman vítt og breitt um Vestfirði að enda á slagorði sem á einkar vel við “Við vegum þungt þegar við stöndum saman”.

Frekari upplýsingar um Gullkistuna er að finna [hér](#).



Á mynd: Guðrún Anna Finnbogadóttir, Finnbogi Steinarsson og Magnús Þór Bjarnason



Vestfjarðastofa











ERTU MEÐ HUGMYND SEM Á ERINDI LENGRA? - STARTUP LANDIÐ 2026

Opið er fyrir umsóknir í Startup Landið 2026, nýsköpunarhraðal fyrir frumkvöðla, sprotafyrirtæki og nýsköpunarverkefni á landsbyggðinni. Vestfjarðastofa hvetur Vestfirðinga með góðar hugmyndir til að nýta tækifærið og sækja um – umsóknarfrestur er til 1. September 2026.

Startup Landið er samstarfsverkefni landshlutasamtakanna um allt land og er ætlað að hjálpa frumkvöðlum og fyrirtækjum að færa hugmyndir sínar nær því að verða að raunverulegum vörum, þjónustu eða fyrirtækjum.

Einstaklingar og teymi með góðar viðskiptahugmyndir eru hvattir til að sækja um en hraðallinn er ekki eingöngu fyrir nýja frumkvöðla heldur einnig starfandi fyrirtæki sem vilja þróa nýjar vörur, þjónustu eða lausnir.

Frá hugmynd að næstu skrefum

Þátttakendur fá aðgang að fræðslu, vinnustofum og leiðsögn sérfræðinga og reynslumikilla frumkvöðla. Jafnframt gefst tækifæri til að byggja upp tengsl við aðra frumkvöðla og fyrirtæki víðs vegar um landið.

Í hraðlinum verður meðal annars unnið að þróun viðskiptahugmynda, mótun viðskiptamóðels og markaðsgreiningu. Markmiðið er að þátttakendur standi að lokum betur að vígi til að taka næstu skref – hvort sem þau felast í frekari vöruþróun, fjármögnun eða uppbyggingu fyrirtækja.

Startup Landið fer fram frá 24. september til 5. nóvember og er að mestu haldið á netinu. Fyrirkomulagið gerir fólki því kleift að taka þátt óháð búsetu og samhliða vinnu eða námi.

Við viljum sjá vestfirskar hugmyndir í Startup Landinu

Á Vestfjörðum er víða að finna tækifæri til nýsköpunar og Startup Landið er vettvangur til að taka hugmyndir sem hafa verið í mótun – jafnvel lengi – og prófa þær, þróa og færa nær framkvæmd.

Vestfjarðastofa hvetur því einstaklinga, teymi og fyrirtæki á Vestfjörðum sem ganga með hugmynd að nýrri vöru, þjónustu eða lausn til að láta slag standa og taka þátt.

Umsóknarfrestur er til **1. september 2026**.

Nánari upplýsingar og umsókn má finna á www.startuplandid.is



UNGMENNAPING VESTFJARÐA HALDIÐ Á SUÐUREYRI Í SEPTEMBER

Ungmennaping Vestfjarða verður haldið á Suðureyri dagana **16.–18. september næstkomandi**. Ungmennaráð Vestfjarða velur þema þingsins, en í ár er það lýðræði og munu ungmenni á aldrinum 13–18 ára af öllum Vestfjörðum koma saman til að fræðast, skiptast á skoðunum og hafa áhrif á málefni sem þau varða.

Á þinginu fá þátttakendur að setja sig í spor sveitarstjórnarfólks og vinna saman að tillögum um fjölbreytt málefni, meðal annars samgöngur, umhverfismál, menningu, íþrótt- og tómstundastarf, skólamál og velferð. Tillögurnar verða síðan ræddar og bornar undir atkvæði í lok þingsins. Í raun má segja að ungmennapingið verði eins konar módel Fjórðungsþing Vestfirðinga. Niðurstöður ungmennanna verða kynntar á Fjórðungsþingi Vestfirðinga og þannig komið í formlegan farveg innan landshlutans.

Verkefnið hlaut sjö milljóna króna styrk frá Erasmus+ til að halda Ungmennaping Vestfjarða og efla starf Ungmennaráðs Vestfjarða. Styrkurinn gerir ráðinu kleift að vinna markvisst að aukinni lýðræðisþátttöku ungmenna, fylgja niðurstöðum þingsins eftir og koma sjónarmiðum ungs fólks á Vestfjörðum á framfæri við sveitarstjórnir og aðra hagaðila.

Markmið Ungmennapings Vestfjarða er að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks, auka þekkingu þess á sveitarstjórnarmálum og skapa vettvang þar sem raddir ungmenna af öllum Vestfjörðum fá að heyrast. Auk vinnunnar verður lögð áhersla á samveru, skemmtun og að ungmennin fái tækifæri til að kynnast jafnöldrum sínum úr öðrum sveitarfélögum.

Ungmennapingið er skipulagt af Ungmennaráði Vestfjarða og Vestfjarðastofu í samstarfi við sveitarfélögin á Vestfjörðum.



SUÐUREYRI
16.-18. SEPTEMBER


UNGMENNAPING VESTFJARÐA

SVÆÐISSKIPULAG VESTFJARÐA 2025-2050

Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050, undirritun 27. ágúst n.k. að Kollabúðum í Þorskafirði.
Sveitarstjórnir á Vestfjörðum samþykktu í maí s.l. tillögu svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða um Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050. Samkvæmt Skipulagslögum er tillagan að lokum send til yfirferðar HMS (áður Skipulagsstofnun) og tilkynnti HMS þann 18. júní s.l. í Skipulagsgátt, að stofnunin staðfesti skipulagið. Með þessu er komin endanleg staðfesting svæðisskipulagsins, en formleg staðfesting með undirritun skjalsins að hálfu sveitarfélaga og HMS, hefur nú verið boðuð með athöfn þann 27. ágúst kl 16.00, við minnivarða um Kollabúðafundi í Þorskafirði.

Val á þessari staðsetningu vísar til, að hér fer fram staðfesting á framtíðarstefnu vestfirskra sveitarfélaga og sögu staðarins sem sameiginlegs vettvangs Vestfirðinga. Kollabúðafundir voru haldnir um miðja nítjándu öld og var stofnað til þeirra með hvatningu Jóns Sigðurssonar, þingmanns Ísafjarðarsýslu, í anda nýrra sjónarmiða um aukin völd til íslenskra þjóðar að ráða sínum málum, en einnig fundir til að fjalla um málefni Vestfirðinga.

Voru ályktanir fundanna sendar þeirra tíma stjórnvalda og studdu við málflutning Jóns Sigurðssonar í sjálfstæðisbaráttu íslenskrar þjóðar, auk þess sem hann beitti sér varðandi málefni Vestfirðinga. Val á fundarstað átti sér einnig sögulega skýringu á þeim tíma, en þarna voru haldin Þorskafjarðarþing á þjóðveldistíma og öldunum þar á eftir. Staðsetning undirritunar Svæðisskipulags Vestfjarða sem sameiginlegs stefnuskjals vestfirskra sveitarfélaga til næstu 25 ára er því með sterkar sögulegar rætur og þeirri trú að andi baráttu fyrri tíma fyrir hagsmunum Vestfirðinga skili sér áfram til framtíðar litið.





ÞEGAR DAGUR VARÐ AÐ NÓTTU, ALMYRKVINN Á VESTFJÖRÐUM

Þann 12. ágúst, gekk almyrkvi á sólu yfir Vestfirði. Atburðurinn sem við höfum verið að undirbúa okkur fyrir lengi var allt í einu kominn.....og svo liðinn á örfáum mínútum.

Undirbúningurinn fyrir almyrkvann hefur verið umfangsmikill. Fyrsti formlegi pósturinn sem ég sendi vegna verkefnisins fór af stað 3. maí 2024, en vinnan fór fyrir alvöru á fullt í ágúst á síðasta ári. Síðan þá hafa tugir einstaklinga hjá sveitarfélögum, stofnunum og viðbragðsaðilum unnið að því að undirbúa svæðið eins vel og hægt var fyrir atburð sem enginn vissi nákvæmlega fyrirfram hversu margir myndu koma til að upplifa.

Þegar lítið er yfir síðasta árið gefa tölurnar ákveðna mynd af umfangi verkefnisins. Ég kom að yfir 60 formlegum undirbúnings- og samráðsfundum, þar á meðal sex fundum viðbragðsaðila á Vestfjörðum, níu fundum innri samráðshóps stjórnvalda, fimm fundum starfshóps sveitarfélaganna og sex fundum sérstaks samráðshóps hagaðila vegna Látrabjargs. Þá voru fjölmargir fundir á landsvísi um upplýsingagjöf, veður, ferðaþjónustu, samskipti og samræmingu milli þeirra landshluta sem almyrkvinn gekk yfir.

Hátt í 20 stofnanir, aðilahópar og þar með talinn sveitarfélög, komu með beinum hætti að undirbúningnum á Vestfjörðum einum.

Það þurfti að huga að ótrúlega mörgu

Þegar rætt er um undirbúning fyrir almyrkva er auðvelt að hugsa fyrst um umferð, bílastæði og öryggi. Fljótlega kom þó í ljós hversu mörg ólík atriði þurfti að skoða. Hvað gerist ef mikill fjöldi fólks ákveður á síðustu stundu að elta heiðan himin milli staða? Hvernig tryggjum við síma- og fjarskiptasamband? Hvar á fólk að leggja? Hvernig stýrum við umferð um einbreið göng? Hvar eiga sjúkraflutningar, björgunarsveitir og slökkvilið að vera staðsett? Og stundum voru atriðin smærri en engu að síður mikilvæg. Til dæmis þurfti að huga að því hvort götulýsing í þéttbýli myndi fara sjálfkrafa í gang þegar skyndilega dimmdi um miðjan dag. Orkubú Vestfjarða tók það mál til skoðunar. Það er kannski lítið dæmi, en segir ágætlega söguna um það í hversu mörg horn þurfti að líta.

Látrabjarg kallaði á sérstakan undirbúning. Þar var ljóst frá upphafi að mikill áhugi yrði á að upplifa myrkvann, enda var almyrkvinn þar lengstur á landi á Íslandi. Sérstakur samráðshópur var því settur á laggirnar þar sem meðal annars landeigendur á Látrabjargssvæðinu og Rauðasandi tóku virkan þátt. Sú þekking sem heimafólk og landeigendur hafa á svæðinu var ómetanleg við undirbúninginn.

Mikill áhugi fjölmiðla

Almyrkvinn vakti mikla athygli fjölmiðla hér heima og erlendis. Í aðdragandanum var ég meðal annars í samskiptum við National Geographic, Condé Nast, The Guardian og The New York Times og fór í viðtöl hjá Bylgjunni, Sýn, RÚV, BBC World Service og BBC Radio 4. Þá voru fjölmargir aðrir íslenskir og erlendir miðlar á svæðinu og fjölluðu um atburðinn.

Samstarfið skipti öllu

Það er erfitt að gera öllum þeim sem komu að verkefninu nægilega góð skil.

Sveitarfélögin Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Vesturbyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð lögðu mikla vinnu í verkefnið. Lögreglan á Vestfjörðum, Almannavarnir, Vegagerðin, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnun Vesturlands komu öll að undirbúningnum, auk þriggja slökkviliðsembætta, björgunarsveita, Rauða krossins og Náttúruverndarstofnunar.

Þá ber sérstaklega að þakka landeigendum og heimafólki á Látrabjargssvæðinu og Rauðasandi fyrir þeirra þátttöku og samstarf.

Samráð fór einnig fram við stjórnvöld. Fulltrúar Dómsmálaráðuneytisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Innviðaráðuneytisins, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Atvinnuvegaráðuneytisins, Heilbrigðisráðuneytisins og Forsætisráðuneytisins komu meðal annars vestur á sérstakan staðfund ásamt Almannavörnum til að fara yfir stöðuna á svæðinu. En fundir og áætlanir eru aðeins einn hluti sögunnar.

Á deginum sjálfum voru á annan tug lögreglumanna og á þriðja tug björgunarsveitarmanna að störfum til að tryggja öryggi gesta. Þá voru fulltrúar heilbrigðisþjónustu og slökkviliða einnig á vakt og tilbúin.

Þetta er fólkið sem vann vinnuna á deginum sjálfum og á miklar þakkir skilið.

Að sögn Lögreglunnar á Vestfjörðum gekk dagurinn mjög vel fyrir sig. Umferð var mikil en gekk vel, 14 hraðaksturs tilvik og aðeins eitt atvik kom upp þar sem lögregla þurfti að beita sér. Eftir allan undirbúninginn, umferðina og fjöldann er erfitt að hugsa sér betri niðurstöðu.

Samtal fyrir tæpum þremur árum

Ég verð líka að nefna sérstaklega Sævar Helga Bragason.

Fyrir tæpum þremur árum hittumst við fyrir tilviljun og hann sagði mér frá þessum merkilega atburði sem væri fram undan árið 2026. Á þeim tíma fannst mér þetta eiginlega svo langt í framtíðinni að ég áttaði mig hvorki almennilega á umfangi verkefnisins né hversu sérstök upplifunin yrði. Sævar hélt síðar kynningu fyrir sveitarstjóra á Vestfjörðum, fræðslufund fyrir íbúa á norðanverðum Vestfjörðum og í Vesturbyggð. Hann hefur frá upphafi verið óþreytandi við að miðla þekkingu, vekja athygli á því hvað væri í vændum og hjálpa okkur að skilja atburðinn. Hann á sérstakar þakkir skilið.

Það er dálítið merkilegt að hugsa til baka til þessa tilviljanakennda samtals núna, þegar atburðurinn sem þá virtist svo fjarlægur er allt í einu orðinn að minningu.

Nótt í nokkrar mínútur

Sjálfur ákvað ég að upplifa myrkvann með fjölskyldunni minni og nokkrum vinum. Við gengum upp í Ufsir fyrir ofan Bolungarvík.

Það hafði verið hjart og fallet mestallan daginn og þegar við lögðum af stað leit þetta vel út. Svo, um tuttugu mínútum áður en almyrkvinn hófst, fór að þykknast upp.

Við sáum þó sólina áfram í gegnum skýin, nánast alveg fram að almyrkvanum. Vonin lifði alveg fram á síðustu stundu.

Svo dró fyrir.

Auðvitað voru það ákveðin vonbrigði. Eftir allan þennan undirbúning og alla eftirvæntinguna hefði maður viljað sjá sólina hverfa á bak við tunglið og upplifa sjálft sjónarspilið á himninum.

En svo gerðist eitthvað annað.

Myrkrið skall á.

Ekki eins og þegar kvölda tekur smám saman, heldur eins og einhver hefði einfaldlega slökkt á deginum. Nóttin kom yfir okkur á örfáum augnablikum.

Í hjarginu fyrir ofan okkur höfðu fylarnir gargað eins og þeir gera. Svo þögnuðu þeir.

Það augnablik sem situr líklega sterkast eftir í mér er þegar í örfáar mínútur breyttist allt. Birtan, hitinn, hljóðin og tilfinningin fyrir umhverfinu. Þótt skýin hefðu tekið frá okkur það sjónarspil sem við höfðum vonast eftir tókst þeim ekki að taka frá okkur almyrkvann sjálfan.

Síðan byrjaði að birta aftur. Fylarnir tóku til við sitt. Dagurinn skall aftur á og lífið hélt áfram.

Eftir tæplega þriggja ára aðdraganda, meira en eins árs formlegan undirbúning, tugi funda, ótal tölvupósta, símtöl, áætlanir og vangaveltur var þetta allt í einu búið.

Kannski var það einmitt það sem gerði augnablikið svona sérstakt.

Dagurinn varð að nóttu, en svo tók dagurinn einfaldlega við aftur.

